



TÍÐINDI

af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga

1. tbl. febrúar 2014

HARBOUR HOSTEL



Meðal efnis:

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga	2
Gjaldtaka af ferðamönnum	4
Rafrænar íbúakosningar	7
Skólamál	9
Útgáfumál sambandsins	15
Uppbygging húsnæðisúrræðis stærsta áskorunin	16

FJÁRMÁL

Úrskurður úrskurðarnefndar almannatrygginga:

Áhrif fjárhagsaðstoðar sveitarfélags á ákvörðun TR um endurhæfingarlífeyri



Þann 27. nóvember sl. kvað úrskurðarnefnd almannatrygginga upp úrskurð í máli sem varðaði synjun Tryggingastofnunar ríkisins (TR) á umsókn kæranda um greiðslu endurhæfingarlífeyris.

Málavextir voru þeir að kæranda var með endurhæfingarmati TR þann 8. mars 2013, synjað um greiðslu endurhæfingarlífeyris fyrir tímabilið frá 1. janúar 2013 til 1. júlí 2013. TR hafnaði umsókninni í fyrsta lagi með vísan til



TRYGGINGASTOFNUN

Þess að endurhæfingaráætlunin væri ekki nægilega markviss eða umfangsmikil með endurkomu á vinnumarkað í huga. Þá kom í öðru lagi fram í umsögn TR um kærana til úrskurðarnefndar að það hefði verið venja hjá TR að meta ekki endurhæfingarlífeyri og örorku það langt aftur í tímann að tímabil lífeyrisgreiðslna skarist verulega við það tímabil sem einstaklingurinn hefur fengið framfærslugreiðslur frá félagslegri aðstoð sveitarfélaga. Þessu til stuðnings vísaði TR til fyrri úrskurða nefndarinnar þar sem komist hefði verið að þeirri niðurstöðu að það væri réttmætt að líta til þess við ákvörðun um upphafstíma greiðslu endurhæfingarlífeyris, vegna þegar liðins tímabils, hvort viðkomandi hefði fengið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi á sama tímabili.

Lagastoð skorti fyrir því að líta til fjárhagsaðstoðar sveitarfélags

Í úrskurðinum er fjallað um 1. mgr. 7. gr. laga um nr. 99/2007 um félagslega aðstoð og 16. og 18. gr. laga nr. 100/2007 almannatryggingar. Í fyrrnefndum lögum er fjallað um skilyrði greiðslu endurhæfingarlífeyris og komst nefndin að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði uppfyllt öll þau skilyrði. Þá vísaði nefndin til þess að heimild til greiðslu endurhæfingarlífeyris væri samkvæmt ákvæðinu ekki bundin

því skilyrði að umsækjandi ætti ekki rétt á fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi. Nefndin benti á að í 3. mgr. 16. gr. laga um almannatryggingar, sem líta skuli til við ákvörðun bóta samkvæmt 7. gr. laga um félagslega aðstoð, komi fram að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga teljist ekki til tekna við ákvörðun bótagreiðslna frá TR. Taldi úrskurðarnefnd TR því skorta heimild til að líta til fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga við ákvörðun um greiðslu endurhæfingarlífeyris. Með vísan til þessa og þar sem nefndin taldi að kærandi hefði uppfyllt öll skilyrði fyrir greiðslu endurhæfingarlífeyris var því fallist á að hann ætti rétt til greiðslna á umræddu tímabili.



FERÐAÞJÓNUSTA

Sjónarmið um gjaldtöku af ferðamönnum og ráðstöfun tekna

Á vegum atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytisins er að störfum samráðshópur um náttúrupassa. Fulltrúi sambandsins í samráðshópnum er Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins og hefur hann lagt þar fram minnisblað, sem grundvöll til frekari umræðu um þróun hugmynda um náttúrupassa. Í upphafi minnisblaðsins er áréttað að sambandið vill ekki einskorða umræðu um gjaldtöku við eina tiltekna leið enda virðist almenn skattheimta vera einfaldari og tryggari leið til tekjuöflunar heldur en upptaka náttúrupassa.

Helstu sjónarmið sem rakin eru í minnisblaðinu eru þessi:

- Í fjárfestingaáætlun síðustu ríkisstjórnar var gert ráð fyrir þriggja ára átaki til þess að efla innviði á ferðamannastöðum hér á landi með sérstöku 500 m.kr. viðbótarframlagi til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, auk þess sem 250 m.kr. til viðbótar yrði varið til uppbyggingar í þjóðgörðum og á friðuðum svæðum. Greinileg þörf var fyrir slíka innspýtingu enda eru stjórnvöld og ábyrgðaraðilar ferðamannastaða í kapphlaupi við tímann varðandi það að mæta stóru auknum straumi ferðamanna hingað til lands.



- Ástæða er til þess að hafa þungar áhyggjur af því hve litlu fjármagni er varið til þessa verkefnis á árinu 2014. Fyrirliggjandi fjárheimild er langt frá því að fullnægja brýnustu fjárþörf til framkvæmda á ferðamannastöðum, jafnvel þótt eingöngu væri horft til svonefndra rauðlistasvæða, þ.e. ferðamannastaða sem liggja undir skemmdum vegna mikils álags. Ef ekkert er að gert á þessum stöðum aukast líkur á því að orðspor Íslands sem ferðamannastaðar skaðist fljótt.
- Lykilatriði er að ráðstöfunarfé til uppbyggingar verði sem tryggast í hendi, þannig að hægt verði að



vinna eftir langtímaáætlun og veita framkvæmdaraðilum styrkloforð í 2-3 ár í senn vegna meiriháttar framkvæmda.

Aðkoma sveitarfélaga

- Sambandið hefur lagt sig fram um að gæta hagsmuna sveitarfélaga í þessu máli og m.a. bent á að ekki ætti að einkorða hlutdeild sveitarfélaga í tekjum af náttúrupassa við uppbyggingu og viðhald ferðamannastaða heldur þurfi sveitarfélögin einnig að fá tekjustofna til þess að mæta auknum kostnaði við að reka ferðamannastaði og upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn. Í dag standa sveitarfélögin frammi fyrir því að þótt styrkur fáiist til nauðsynlegrar uppbyggingar á aðstöðu leiðir sú uppbygging einnig til þess að sveitarfélagið þarf að axla varanlega kostnað af rekstri og viðhaldi þeirrar aðstöðu án þess að fá tekjur á móti.
- Einnig er vaxandi ákall um að lengja opnunartíma ferðamannastaða, svo sem með því að bæta hálkúvarnir á

ferðamannastöðum og aðliggjandi vegum og fjölga snjómokstursdögum. Á hörðum vetrum getur hér verið um mikinn kostnað að ræða fyrir sveitarfélög og eftir atvikum Vegagerðina.

- Margar af fjölsóttustu náttúruperlum landsins eru í fámennum sveitarfélögum, sem mörg hver hafa ekki yfir sterkum tekjustofnum að ráða. Aukinn ferðamannastraumur er ekki heldur endilega að auka tekjur þessara sveitarfélaga svo neinu nemi og þess vegna þurfa þessi sveitarfélög verulega utanaðkomandi aðstoð til að ráðast í nauðsynlegar úrbætur og uppbyggingu. Það myndi að sjálfsögðu virka mjög hvetjandi fyrir sveitarfélögin að fá reglulegar tekjur á móti auknum kostnaði.

Ráðstöfun tekna af gjaldtöku til uppbyggingar og rekstrar

- Ef eingöngu er litið til uppbyggingarverkefna og verndunar ferðamannastaða má líklega áætla, með fyrirvara um að heildstæð uppbyggingaráætlun liggur ekki fyrir, að árleg fjárförf geti í fyrstu verið á bilinu 1-2 milljarðar króna. Ef ferðamannastraumur eykst enn frekar eins og bjartsýnustu spár gera ráð fyrir gætu tekjurnar síðan allt að því tvöfaldast á ákveðnu árabili.
- Það kann að skipta miklu um fjölda og umfang framkvæmda hvort gerð verður krafa um 50% eiginjárframlag á móti tekjum af náttúrupassa líkt og gildir um framlög úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Alls ekki er sjálfgefið að sú regla skuli gilda áfram. Það myndi virka



hvetjandi og auka um leið eftirspurn eftir framkvæmdafé til uppbyggingar ef slakað yrði á þessu skilyrði.

Landvarsla, björgunarsveitir o.fl.

- Ótvíræð þörf er á því að fjölga landvörðum og öðrum starfsmönnum sem annast umsjón með ferðamannastöðum. Gjaldtaka af ferðamönnum ætti að álitu sambandsins að standa undir þeirri útgjaldaaukningu. Viðvera slíkra starfsmanna stuðlar bæði að öryggi ferðamanna og náttúruvernd. Viðvera björgunarsveita og lögreglu í óbyggðum er einnig mikilvægur öryggisþáttur sem er eðlilegt að sé hugað að við útfærslu gjaldtöku.
- Eðlilega er þörf á því að skilgreina í upphafi verkefnisins hvað er „ferðamannastaður“. Sambandið hefur m.a. lagt áherslu á að sögu- og menningartengd ferðaþjónusta verði ekki undanskilin styrkveitingum, þótt megináhersla verði að sjálfsögðu lögð


á að bæta aðstöðu við fjölsóttustu náttúruperlur landsins.

- Eftir að Framkvæmdasjóður fatlaðra var lagður niður er enginn opinber sjóður sem beinlínis hefur það hlutverk að styrkja aðgengismál fyrir fólk í hjólastólum eða t.d. sjónskerta. Mikilvægt er að við úthlutun fjármagns til uppbyggingar á ferðamannastöðum verði í auknu mæli litið til þessa þáttar með hliðsjón af markmiðum um algilda hönnun og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Samráðshópurinn er enn að störfum og verður að teljast mjög ólíklegt að hugmyndir um náttúrupassa komi til framkvæmda á þessu ári.



Tilraunaverkefni um rafrænar íbúakosningar



Í 10. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er fjallað um samráð sveitarstjórna við íbúa. Er þar m.a. kveðið á um að sveitarstjórn geti ákveðið að halda sérstakar íbúakosningar um einstök málefni sveitarfélagsins. Í bráðabirgðaákvæði við sveitarstjórnarlögin getur sveitarstjórn óskað eftir því við ráðherra að íbúakosning fari eingöngu fram með rafrænum hætti, en tilgangur þess ákvæðis er að styðja við framkvæmd rafræns lýðræðis í sveitarfélögum. Í ákvæðinu er Þjóðskrá Íslands falið að halda utanum kosningakerfi sem notað er við framkvæmd rafrænna kosninga.

Verkefni um rafrænar íbúakosningar hefur verið í undirbúningi í allnokkurn tíma en markmið þess er m.a. að:

- draga lærdóm af framkvæmd rafrænna íbúakosninga í tveimur sveitarfélögum
- efla vitund almennings og stjórnsýslunnar um hagræði og öryggi rafrænna kosninga, og
- búa í haginn fyrir rafræna framkvæmd almennra kosninga.

Þjóðskrá Íslands hefur samið við sænska fyrirtækið Scytl um aðlögun og afnot af kosningakerfi fyrirtækisins um framkvæmd tvennra rafrænna íbúakosninga í tilraunaskyni hér á landi, en kerfi Scytl þykir í fremstu röð. Þjóðskrá leitar nú eftir samstarfi við sveitarfélög um framkvæmd slíkra íbúakosninga og eru þau hvött til að kynna sér verkefnið og gefa sig fram við Þjóðskrá Íslands, hafi þau áhuga á þátttöku.

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á vefnum Island.is. Það skal tekið fram að viðkomandi sveitarfélög munu ekki bera þann kostnað sem hlýst af rafrænni framkvæmd tilraunakosninganna.

Kynningarfundur var haldinn um verkefnið þann 5. febrúar sl. og má nálgast upptökur af honum á vef sambandsins.

STJÓRNSÝSLA



Breyting á sveitarstjórnarlögum

Alþingi samþykkti þann 21. janúar sl. breytingu á sveitarstjórnarlögum, sem varðar meðferð eignarhluta sveitarfélaga í orku- og veitufyrirtækjum við útreikning á fjárhagslegum viðmiðum. Bráðabirgðaákvæði III við lögin hljóðar svo eftir breytinguna og eru viðbætur við greinina undirstrikaðar til skýringa:

Að ósk viðkomandi sveitarfélags er eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og ráðherra sveitarstjórnarmála skylt við útreikning á afkomu og fjárhagsstöðu þess skv. 64. gr. að undanskilja tekjur, útgjöld, eignir, skuldir og skuldbindingar sem

hljótast af eignarhlutum þess í veitu- og orkufyrirtækjum í allt að tíu ár frá gildistöku laganna, enda verði það fyrir umtalsvert meiri útgjöldum og/eða beri umtalsvert meiri skuldir en annars væri vegna eignarhlutanna.

Ljóst þykir að breytingin hefur engin áhrif á mikinn meirihluta sveitarfélaga en með breytingunni gefst sveitarfélögum svigrúm við mælingu á fjárhagslegri aðlögun þeirra í þeim tilvikum þegar það er þeim hagfellt að taka með í reikninginn stöðu veitu- og orkufyrirtækis.

SKÓLAMÁL

Þróun nemendafjölda í kennarafræðum á fyrsta ári 2005–2013

Með lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008 var kennaramenntun lengd. Þann 1. júlí 2011 tók sú námsskipan að fullu gildi að menntun kennara lýkur með meistaraþráðu. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gert athugasemdir við lengingu námsins, ekki síst leikskólakennaranámsins og m.a. bent á að breytingin myndi hafa áhrif á aðsókn í námið.

Sambandið hefur safnað gögnum frá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands um fjölda þeirra sem

eru á fyrsta ári í kennarafræðum, þ.e grunnskólakennaranámi eða leikskólakennaranámi. Meðfylgjandi tafla sýnir þróunina frá 2005–2013.

Í töflunni kemur skýrt fram að grunur sambandsins var á rökum reistur. Þeim fækkar mjög sem kjósa að hefja kennaranám á tímabilinu. Haustið 2009 hófu fyrstu nemarnir kennaranám eftir nýrri námsskipan og útskrifast vorið 2014. Árið 2013 hefur nemendum á 1. ári fækkað alls um 60% m.v. árið 2008. Því miður er það staðreynd að aðsókn í þetta nám hefur hrunið á liðnum árum.

	HÍ	HA			Samtals í námi á fyrsta ári	Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári	Hlutfallsleg breyting frá 2005	Hlutfallsleg breyting frá 2008
		HA alls	Staðnám	Fjarnám				
2005	289	141	61	80	430			
2006	372	137	43	94	509	18%	18%	
2007	337	125	50	75	462	-9%	7%	
2008	309	114	63	51	423	-8%	-2%	
2009	293	81	38	43	374	-12%	-13%	-12%
2010	203	75	37	38	278	-26%	-35%	-34%
2011	160	53	35	18	213	-21%	-50%	-50%
2012	154	36	23	13	190	-11%	-56%	-55%
2013	152	19	14	5	171	-10%	-60%	-60%

Fjöldi kennaranema á 1. ári á tímabilinu 2005–2013

SKÓLAMÁL

Ný námskeið að hefjast:

Rétt málsmeðferð – ánægðir starfsmenn



[Ný námskeiðsloða](#) sem skipulögð er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skólastjórafélagi Íslands og Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur hefst 10. mars nk. Námskeiðið er ætlað skólastjórnendum í leik- og grunnskólum, fræðslustjórum og starfsmannstjórum í sveitarfélögum. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur þekki ferli ráðningarmála og uppsagna, geti brugðist við af öryggi og beitt meginreglum stjórnábyrgðar þegar við á. Fjallað verður um starfsmannamál, hvernig skólastjórar hafa frumkvæði að og taka á málum þegar leiðbeina þarf starfsmanni um starfið, hegðun eða samskipti. Á námskeiðunum spreyta þátttakendur sig jafnframt á raunhæfum verkefnum til úrlausnar í

tengslum við tiltekin álitæfni. Leiðbeinendur á námskeiðinu verða Karl Frímansson, þróunarstjóri starfsmannamála Akureyrarbæjar, Erna Guðmundsdóttir, lögfræðingur Kennarasambands Íslands og Sólveig B. Gunnarsdóttir, lögfræðingur á kjarasviði sambandsins.

Námskeiðsstaðir, sem þegar hafa verið ákvarðaðir eru:

- 10. mars – Höfuðborgarsvæði og nágrenni, vegna leikskóla á Grand hóteli í Reykjavík
- 11. mars – Höfuðborgarsvæði og nágrenni, vegna grunnskóla á Grand hóteli í Reykjavík

- 17. mars – Reykjanes, vegna leik- og grunnskóla í Duushúsum, Reykjanesbæ
- 18. mars – Vesturland, vegna leik- og grunnskóla á Hótel Borgarnesi
- 24. mars – Norðurland, vegna leik- og grunnskóla í Brekkuskóla á Akureyri
- 25. mars – Suðurland, vegna leik- og grunnskóla á Hótel Selfossi
- 7. apríl – Austurland, vegna leik- og

- grunnskóla á Icelandair hóteli, Egilstöðum
- 8. apríl – Reykjavík, vegna leik- og grunnskólans. Ætlað þeim sem ekki hafa getað sótt fyrri námskeið*

Ekki hefur verið gengið frá námskeiðsstað fyrir Vestfirði en það verður gert í samstarfi við stjórnendur í þeim landshluta og birt síðar.



Framtíðarsýn leikskólans

Á grundvelli bókar 1 með kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara annars vegar og vegna Félags stjórnenda leikskóla hins vegar, sem tóku gildi vorið 2011, hafa sambandið og KÍ samið við Capacent um að halda átta fundi, einn í hverjum landshluta, til að ræða sameiginlega framtíðarsýn leikskólans. Gert er ráð fyrir að 40-50 manns sæki hvern fund. Til að tryggja jafnvægi fulltrúa hagsmunaaðila verða fundarmenn valdir af landshlutasamtökum sveitarfélaga, samráðsnefnd FSL, svæðadeildum FL og

Heimili og skóla - landssamtökum foreldra. Með því móti eiga allir hagsmunaaðilar sína málssvara á fundinum. Gert er ráð fyrir að hver fundur taki 3-4 klukkustundir. Fundirnir munu fara fram í mars og apríl. Afrakstur fundanna verður stefnuskjal sem er hugsað sem grundvöllur að framtíðarsýn leikskólans, með leiðum og aðgerðum um það hvernig leikskólastarfi verði best hagað með hagsmuni leikskólabarna að leiðarljósi. Frekari upplýsingar verða sendar til sveitarfélaga og skólaskrifstofa þegar þær liggja fyrir.



Efling leikskólastigsins – kynningarátak

Samband íslenskra sveitarfélaga á fulltrúa í stýrihópi um eflingu leikskólastigsins ásamt fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytis, kennaramenntunarstofnana, FSL, FL og Eflingar. Hefur stýrihópurinn unnið að kynningarátaki sem er ætlað að kynna starfið í leikskólanum, auka jákvæða mynd leikskólastigsins sem og að kynna þær leiðir sem hægt er að fara í námi til starfa í leikskólum. Eitt af undirmarkmiðum átaksins er að fjölga karlmönnum og leiðrétta þannig kynjamun starfsmanna leikskóla. Setja á upp heimasíðu með upplýsingum um starfið í leikskólanum og námsleiðir í átt að leikskólakennararéttindum. Fyrir síðuna verða unnin nokkur myndbönd sem ætlað er að vekja áhuga ungmenna sem og annarra á að starfa í leikskólum. Enn fremur

verða birtar auglýsingar í fjölmiðlum þar sem vakin er athygli á náminu og starfinu í leikskólum. Þóra Tómasdóttir hefur verið ráðin verkefnastjóri kynningarátaksins.

Allir geta verið sammála um að mikilvægt er að efla leikskólastigið enda hagsmunamál fyrir sveitarfélög að hafa vel menntaða starfsmenn í leikskólum sveitarfélagsins. Því starfi sem framundan er er ætlað að skila sér í hærra menntunarstigi starfsmanna leikskóla og að fleiri sækji leikskólakennaranám svo nauðsynleg nýliðun megi verða meðal leikskólakennara. Það mun án efa skila sér í auknum gæðum í skólastarfinu og fagmennsku og um leið styrkja leikskóla sem áhugaverða vinnustaði.

SKÓLAMÁL

Dagur leikskólans – Orðsporið

Fimmtudaginn 6. febrúar var dagur leikskólans haldinn hátíðlegur í leikskólum landsins í sjöunda sinn, en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Markmið dagsins er að beina sjónum að leikskólanum og því gróskumikla fagstarfi sem þar fer fram.

Í tilefni dagsins var viðurkenningin Orðsporið veitt í annað sinn til þeirra sem þótt hafa skarað fram úr og unnið ötullega í þágu leikskóla og/eða leikskólabarna. Alls bárust 28 tilnefningar. Viðurkenninguna að þessu sinni hlaut þróunarverkefnið Okkar mál. Meginmarkmið verkefnisins er að auka samstarf skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti með það að leiðarljósi

að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu. Samstarfsaðilar þróunarverkefnisins eru Leikskólinn Holt, Leikskólinn Ösp, Fellaskóli, Miðberg, Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi – Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og Þjónustumiðstöð Breiðholts. Hægt er að kynna sér þróunarverkefnið á heimasíðu verkefnisins.

Jón Gnarr, borgarstjóri, afhenti viðurkenninguna á Degi leikskólans við hátíðlega athöfn í Hannesarholti og nemendur úr leikskólanum Laufásborg sungu nokkur lög fyrir hátíðargesti.



SKIPULAGSMÁL

Lýsing landskipulagsstefnu 2015-2026

Skipulagsstofnun hefur auglýst lýsingu fyrir gerð landsskipulagsstefnu 2015-2026 sbr. reglugerð nr. 1001/2011. Í lýsingunni er gerð grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að mótun landsskipulagsstefnu.

Hægt er að nálgast lýsinguna á vef landsskipulagsstefnu www.landsskipulag.is og hjá Skipulagsstofnun Laugavegi 166, 105 Reykjavík.

Allir sem þessa óska geta komið á framfæri ábendingum og athugasemdum við lýsinguna og skulu þær berast Skipulagsstofnun í síðasta lagi 12. mars 2014 með bréfi, tölvupósti á landsskipulag@skipulag.is eða á www.landsskipulag.is.

Lýsingin verður jafnframt kynnt á kynningar- og samráðsfundum á eftirtöldum stöðum en dagskrá auglýst síðar:


- Reykjavík 25. febrúar kl. 15.00-17.30, Iðnó, Vonarstræti 3
- Borgarnesi 27. febrúar kl. 14.00-16.00, Bjarnarbraut 8
- Selfossi 28. febrúar kl. 15.00-17.00, Hótel Selfossi, Kirkjuvegi 2
- Egilsstöðum 3. mars kl. 15.00-17.00, Hótel Héraði, Miðvangi 1-7
- Ísafirði 4. mars kl. 15.00-17.00, Háskólastræt Vestfjarða, Suðurg. 12
- Akureyri 5. mars kl. 15.00-17.00, Hótel KEA, Hafnarstræti 87-89

[Hér má nálgast lýsinguna.](#)



Skipulagsstofnun

Könnun um útgáfumál sambandsins



Eins og lesendum Tíðinda af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga er flestum kunnugt þá var í janúar 2013 hafin útgáfa á rafræna fréttabréfi sambandsins í tilraunarskyni. Alls komu út 11 tölublöð á árinu 2013 og hafa Tíðindin verið send öllum sveitarstjórnarmönnum, völdum hópum starfsmanna sveitarfélaga og ýmsum aðilum á öðrum vettvangi, t.d. alþingismönnum, starfsmönnum stjórnarráðsins, fjölmiðlum og fleiri aðilum.

Strax í upphafi var ákveðið að kannað yrði viðhorf þeirra sem fengju rafræna fréttabréfið til þessarar tilraunaútgáfu og um leið yrði spurt um viðhorf til annarrar útgáfu sambandsins, svo sem tímaritsins Sveitarstjórnarmála, Árbókar sveitarfélaga, Skólaskýrslu sambandsins og Félagsþjónustuskýrslu sambandsins.

Könnunin var send út í lok nóvember 2013 til um 1.700 móttakenda rafræna fréttabréfsins. Alls svöruðu 606 manns könnuninni eða um 36%, sem er heldur lágt

hlutfall til þess að könnunin teljist að fullu marktæk. Fjöldi svara gefur þó fullt tilefni til að farið sé yfir útgáfumál sambandsins og hugsanlega gerðar breytingar þar á, ef ástæða þykir til.

Meginniðurstöður könnunarinnar eru þær, að þeir sem svara eru ánægðir með útgáfumál sambandsins, eru ánægðir með rafræna fréttabréfið og vilja að útgáfu þess sé haldið áfram og vilja jafnframt að útgáfurit sambandsins séu almennt aðgengileg á rafrænu formi.

Af niðurstöðunum að dæma eru þátttakendur ánægðir með þá nýbreynti að sambandið gefi út rafrænt fréttabréf. Af þeim sem taka afstöðu eru um 86% sem telja rafræna fréttabréfið Tíðindi mjög eða frekar áhugavert. Þessi niðurstaða leiðir til þess að útgáfu Tíðindanna verður haldið áfram og fréttabréfið þróað áfram að efni og framsetningu.

Tímaritið Sveitarstjórnarmál hefur fyrst og fremst útbreiðslu meðal kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum, framkvæmdastjóra sveitarfélaga og starfsmanna í stjórnarsýslu sveitarfélaganna. Mikill meirihluti þeirra sem tóku afstöðu telja tímaritið mjög eða frekar áhugavert eða um 77%. Þá er rétt að vekja athygli á því að 50% þeirra sem tóku afstöðu vilja að Sveitarstjórnarmál verði eingöngu gefin út á rafrænu formi.

[Niðurstöður könnunarinnar](#) er hægt að nálgast á vef sambandsins.

FÉLAGSPJÓNUSTA



Stöðufundur um flutning málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga:

Uppbygging húsnæðisúrræða stærsta áskorunin

Heildarsamkomulag ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks mælir fyrir um að á árinu 2014 fari fram sameiginlegt mat samningsaðila á faglegum og fjárhagslegum árangri verkefnaflutningsins. Um er ræða endurmat þar sem m.a. verður farið í gegnum það hvernig ýmsar forsendur yfirfærslunnar hafi gengið eftir og hvernig þeim markmiðum verði náð sem sett eru í samkomulaginu. Þann 14. febrúar sl. stóð sambandið fyrir upplýsinga- og umræðufundi í samvinnu við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um stöðuna en alls sóttu fundinn ríflega 100 manns.

Spurningakönnun sambandsins 2013

Meginefni fundarins var kynning á niðurstöðum úr stórrí spurningakönnun sem sambandið stóð fyrir á liðnu hausti meðal þjónustusvæðanna 15 í

Hvar er kostnaðarþrýstingur?

*Notendasamningar
Lengd viðvera og skyldir þættir*

málefnum fatlaðs fólks. Markmið könnunarinnar var að fá fram afstöðu stjórnenda þjónustusvæða til þess hvernig ýmsar faglegar og fjárhagslegar forsendur yfirfærslunnar hafi gengið eftir.

Hvar skortir fjármagn?

*Hæfingarstöðvar á fjórum svæðum
Uppbygging nýrra húsnæðisúrræða
Úrelding herbergjasambýla*

Sérfræðingar sambandsins, þau Tryggvi Þórhallsson og Valgerður Ágústsdóttir, önnuðust kynninguna en sambandið hefur einnig [gefið niðurstöðurnar út í viðamikilli skýrslu](#). Þar kemur fram að þjónustusvæðin lýsa almennt jákvæðri afstöðu til þess að markmið yfirfærslunnar séu að nást. Þannig eru í skýrslunni rakin mörg dæmi þess að tekist hafi að bæta þjónustuna og auka möguleika til að laga hana að þörfum notenda með hliðsjón af ólíkum aðstæðum.

Í spurningakönnun sambandsins var sérstaklega spurt um forsendur fyrir uppbyggingu húsnæðisúrræða og hvort það fjármagn sem

Hvar þarf að setja reglur?

*Um verkaskipti í eftirliti milli velferðarráðuneytis og sveitarfélaga
Um SIS-matið og notkun þess
Um mörkin milli almennrar þjónustu og sértækra*

Hvar þarf að taka af skarið?

*Atvinnumál fatlaðs fólks
Starfsleyfi
67 ára aldursmarkið og fleiri grá svæði
Meginform þjónustu – samþætt eða útvistað?*

fluttist yfir til sveitarfélaganna við yfirfærsluna dugi til þess að standa undir þeirri uppbyggingu sem kallað er eftir. Af svörum má greina að verulegt fjármagn skorti til stofnframkvæmda við húsnæðisúrræði í málaflokki fatlaðs fólks. Sama gildir um aðstöðu fyrir hæfingu fatlaðs fólks og skylda lögbundna þjónustubætti. Er niðurstaðan sú að óvissa um fjármögnun standi áætlanagerð fyrir þrífum á flestum þjónustusvæðum.

Staðan í búsetuþjónustu og uppbyggingu húsnæðisúrræða

Á fundinum fluttu stjórnendur tveggja þjónustusvæða erindi um áætlanir varðandi búsetuþjónustu, annars vegar Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri í Hafnarfirði, og hins vegar Soffía Lárusdóttir, framkvæmdastjóri búsetudeildar Akureyrarbæjar. Fram kom hjá þeim að uppbygging húsnæðisúrræða væri ein stærsta áskorunin í málaflokknum sem sveitarfélögin stæðu fram fyrir á komandi árum. Jafnframt liggur fyrir að mjög margir notendur eru í bið eftir úrlausn og eru þar tveir hópar einkum áberandi, annars vegar þeir sem hafa lengi búið í ófullnægjandi úrræðum og hins vegar ungt fatlað fólk sem kallar eftir úrræðum til þess að öðlast sjálfstætt líf.

Hafnarfjarðarbær og Ás styrktarfélag hafa gert samkomulag um að styrktarfélagið byggji húsnæðisúrræði og sjái um þjónustuna. Stefnt er á að byggja þrjá þjónustuíbúðakjarna á næstu árum. Í hverjum kjarna verða íbúðir fyrir 5-6 íbúa sem þurfa þjónustu allan sólarhringinn. Bygging fyrsta kjamans er hafin og þjónustusamningur á milli aðila í vinnslu.

Kröfur um framlegð í málaflokknum

Erindi Ingibjargar Garðarsdóttur, fjármálastjóra í Árborg, vakti sérstaka athygli. Erindi hennar nefndist: „Gilda önnur viðmið um framlegð í velferðarþjónustu en öðrum lögbundnum málaflokkum sveitarfélaga?“ Spurningunni svaraði Ingibjörg út frá stöðunni í málaflokknum eins og hún er á hennar starfssvæði, en þar hafa tekjur umliðinna þriggja ára ekki gert betur en að standa straum af reglubundnum rekstrarútgjöldum í málaflokknum. Hún sagði að ríkið hafi sett sveitarfélögum fjármálareglur og framfylgi þeim með kröfum um að framlegð frá rekstri sé 15%. Staðan í málaflokknum á Suðurlandi sé hvergi nærri þeim mörkum og ekki að sjá að í fjármögnun sé gert ráð fyrir framlegð frá rekstri. Ingibjörg spurði hvort ríkið geti ákveðið að fjárframlag til málaflokks sem fluttur er yfir til sveitarfélaga eigi ekki að mynda framlegð.

[Öll erindi sem flutt voru á fundinum](#) eru komin á vef sambandsins.

Á Akureyri er hafin bygging á sex sérhæfðum íbúðum fyrir ungt fatlað fólk. Áætlað er að þær verði tilbúnar í lok árs 2014 og er kostnaðaráætlun um 220 m.kr. Gerð hefur verið áætlun um uppbyggingu á árunum 2013 – 2023. Er þörf fyrir fjárfestingu á þessu 10 ára tímabili í heild metin á 1.345 m.kr.



LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA ohf.

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100 • 128 Reykjavík
www.lanasjodur.is • lanasjodur@samband.is
sími: 515 4900 • fax: 515 4903

Kynning á starfsmönnum lánasjóðsins



Óttar Guðjónsson

Óttar hefur verið framkvæmdastjóri sjóðsins frá því haustið 2008. Hann hefur starfað á fjármálamarkaði frá árinu

1992 og hefur m.a. starfað á Íslandi hjá Íslandsbanka, Kaupþingi, og Landsbréfum og á Englandi hjá SEB og Raphael&Sons. Óttar er með MSc í fjármálum frá London Business School og MSc og BSc í hagfræði frá Háskóla Íslands.

Netfang: ottar@lanasjodur.is



Egill Skúli Þórólfsson

Egill hefur starfað við fjárstýringu og áhættustýringu lánasjóðsins frá því haustið 2008. Áður en hann kom

til sjóðsins vann hann hjá Íslandsbanka frá 2005-2008 við fjárstýringu og reikningshald. Egill er með MBA gráðu frá Christian Brothers University, BSc gráðu í viðskiptafræði frá Gannon University og er löggiltur verðbréfamiðlari.

Netfang: egill@lanasjodur.is



Rut Steinsen

Rut hefur starfað sem lánastjóri lánasjóðsins frá því haustið 2008. Áður en hún kom til sjóðsins vann hún hjá Íslandsbanka frá 2005-2008 við skuldsetta fjármögnun og þar áður

vann hún hjá KMPG Endurskoðun hf. í þrjú ár við uppgjör og endurskoðun. Rut er með Cand. Oecon gráðu af endurskoðunarsviði Háskóla Íslands.

Netfang: rut@lanasjodur.is



© Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson
2014/8

*Afritun og endurprentun er heimil svo
fremi að heimildar sé getið.*